

Ár 2012, miðvikudaginn 28. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, kveðinn upp í máli nr. S-759/2012:

### **Ákærvaldið**

*(Hildur Sunna Pálmadóttir ftr.)*

**gegn**

**Arunas Brazaitis**

*(Sveinn Andri Sveinsson hrl.)*

svofelldur

### **d ó m u r :**

Mál þetta, sem dómtekið var 12. nóvember sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, útgefinni 18. september 2012, á hendur Arunas Brazaitis, kt. 000000-0000, Sogavegi 136, Reykjavík, fyrir neðangreind hylmingarbrot:

#### **I.**

Fyrir hylmingu, með því að hafa, í tvö skipti í mars og eitt skipti í apríl 2011, á sjálfsafgreiðslustöð Orkunnar við Kænuna í Hafnarfirði keypt samtals 600 lítra af dísilolíu á 100 krónur lítrann af Andra Þór Ómarssyni, sem Andri Þór greiddi fyrir með greiðslukorti áður en ákærði og Donatas Adomavicius dældu olíunni á brúsa, en Andri Þór gaf ákærða þá skýringu fyrir sölunni að hann ætti fyrirtæki sem væri að verða gjaldþrota og vildi reyna að ná sem mestu út úr fyrirtækinu áður en það yrði gjaldþrota.

#### **II.**

Fyrir tilraun til hylmingar, með því að hafa í apríl 2011, á sjálfsafgreiðslustöð Orkunnar við Kænuna í Hafnarfirði, ætlað að kaupa dísilolíu á 100 krónur lítrann af Andra Þór Ómarssyni en Andri Þór gaf ákærða þá skýringu fyrir sölunni að hann ætti fyrirtæki sem væri að verða gjaldþrota og vildi reyna að ná sem mestu út úr fyrirtækinu áður en það yrði gjaldþrota, en ekkert varð af kaupunum þar sem búið var að fullnýta úttektarheimildina á kortinu sem Andri Þór ætlaði að nota.

### III.

Fyrir hylmingu, með því að hafa þann 4. apríl 2011, á sjálfsafgreiðslustöð Orkunnar við Kænuna í Hafnarfirði, selt Donatas Sarkauskis samtals 50 lítra af dísilolíu á 130 krónur lítrann, sem Andri Þór Ómarsson greiddi fyrir með greiðslukorti áður en ákærði og Donatas Adomavicius dældu olíunni á brúsa, en Andri Þór gaf ákærða þá skýringu fyrir sölunni að hann ætti fyrirtæki sem væri að verða gjaldþrota og vildi reyna að ná sem mestu út úr fyrirtækinu áður en það yrði gjaldþrota.

Telst þetta varða við 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði kom fyrir dóminn við þingfestingu málsins og játaði þá háttsemi sem lýst er í ákæru en neitaði að hafa vitað að um refsiverða háttsemi hafi verið að ræða. Hann hafi verið í þeirri trú að Andri Þór Ómarsson hafi haft heimild til að taka út þá olíu sem ákærði síðan keypti af honum. Krafðist ákærði sýknu en til vara vægustu refsingar og að málskostnaður greiddist úr rikissjóði.

Fór aðalmeðferð fram þann 12. nóvember sl. og var málið dómtekið að henni lokinni.

#### **Málavextir.**

Samkvæmt gögnum málsins er upphaf máls þessa að Ásgeir Ragnarsson og Ólafur Hvanndal Jónsson tilkynna lögreglu að tvö greiðslukort í eigu fyrirtækis sem þeir reki, R&Á ehf., hafi verið notuð til að svíkja út eldsneyti frá 29. maí 2009 til 4. apríl 2011 fyrir alls 4.600.000 krónur. Þann 21. mars 2011 hafi starfsmaður R&Á uppgötvað að ekki var unnt að nota viðskiptakort vegna úttektar á eldsneyti en úttektarmörk á það kort var 800.000 krónur. Við eftirgrennslan kom í ljós að úttektir gætu tengst Andra Þór Ómarssyni og var því opnað aftur fyrir úttektarheimild á kortinu jafnframt því sem eftirlitskerfi var sett upp hjá Skeljungu auk þess sem eftirlitsmyndavélar voru settar upp hjá Orkunni við Kænuna í Hafnarfirði og á Skemmuvegi í Kópavogi en þar höfðu engar eftirlitsmyndavélar verið. Urðu fulltrúi Skeljungs og R&Á vitni að notkun kortsins auk þess sem öll atvik málsins voru tekin upp á upptökubúnað og ökutækinu sem notað var við fjársvik var veitt eftirför að húsnæði þar sem olía var borin inn. Að verki voru bílstjóri og farþegi bifreiðar sem merkt var Álnabæ og síðan fjórir aðilar sem tóku á móti eldsneytinu en yfirgáfu síðan staðinn á bifreið í eigu Donatas Sarkauskis. Húsleit var gerð á heimili Andra Þórs þar sem hann framvísaði greiðslukortinu og kvaðst hafa stolið því úr bifreið R&Á. Þá fór fram húsleit að Hvaleyrarbraut 25 í Hafnarfirði en í vinnubili við hliðina, á verkstæði Donatas, fundust þrjár brúsar af dísilolíu. Kvaðst Donatas hafa keypt olíuna af samlöndum sínum við bensínstöð Orkunnar við Kænuna í Hafnarfirði.

Samkvæmt lögregluskýrslu sem tekin var af Andra kvaðst hann hafa í upphafi hringt í félag sinn Pétur og boðið honum olíu á góðu verði. Í fyrsta skiptið hafi hann fyllt eldsneytistankinn á jeppa Péturs og hafi Pétur greitt honum 5000 krónur með peningum. Það hafi svo komið upp síðar að Pétur hafi spurt hann hvort félagar hans, einhverjir Litháar, mættu koma líka og fá eldsneyti hjá honum, sem Andri hafi samþykkt. Í byrjun hafi það verið í gegnum Pétur en fljótlega hafi það undið upp á sig og „Donni“ farið að hringja í hann beint og biðja um meiri olíu. Fyrstu skiptin hafi félagarnir verið á fólksbíl með brúsa í skottinu en síðar hafi þeir farið að mæta á sendibíl til að fylla á fleiri brúsa. Þetta hafi alltaf verið á svipuðum tíma, um kvöldmatarleytið, á Kænunni í Hafnarfirði. Þeir hafi aldrei vitað að kortið væri stolið en undir lokin hafi þeir spurt hvernig hann gæti farið að þessu og Andri þá svarað að greiðslukortið væri á gamalli kennitölu á fyrirtæki sem Andri ætti og væri að fara í gjaldþrot. Hann vildi því reyna að ná sem mestu út á kennitöluna.

Fyrir lögreglu kvaðst ákærði hafa verið undrandi á því að Andri hafi selt honum olíu á svo góðu verði en hann hafi aldrei grunað að þetta væri illa fengið. Hann hafi aldrei spurt Andra og talið að það væri bara hans vandamál. Ákærða hafi aldrei grunað neitt misjafnt. Kvað ákærði alla geta lent í því að einhver bjóði upp á ódýrt eldsneyti. Ákærði hafi bara borgað fyrir eldsneytið og farið síðan. Hann hafi bara nýtt sér tækifærið og keypt eldsneyti af Andra. Ákærði kvaðst hafa verið í vinnu hjá Álnabæ á umræddum tíma sem uppsetningarmaður. Hann hafi getað fengið vinnubíl lánaðan utan vinnutíma ef hann bæði sérstaklega um hann. Kvaðst ákærði hafa keypt eldsneyti í um þrjú skipti, samtals tvö hundruð lítra, og greitt Andra 100 krónur fyrir lítrann. Ákærði og Donatas hafi farið saman á bensínstöðina, hitt Andra þar, Andri hafi greitt fyrir eldsneytið og þeir dælt í brúsa fyrir alla heimildina og farið síðan hvor í sína áttina. Það hafi yfirleitt bara verið heimild fyrir fjögur hundruð lítrum í hvert sinn. Þeir hafi farið tvisvar í mars og einu sinni í apríl 2011. Í þriðja skiptið hafi ekki verið heimild á kortinu en heimild hafi verið veitt í apríl og þeir þá tekið olíu.

Aðspurður hjá lögreglu hvort grunur hafi vaknað hjá ákærða um að eldsneytið hafi verið illa fengið, svaraði ákærði því þannig að það hafi vaknað einhver grunur hjá honum en hvað hafi hann átt að gera? Ákærði og Donatas hafi grunað að Andri væri með falsað kort eða eitthvað en ekki þælt frekar í því. Ákærði kvaðst hafa farið með eldsneytið í bílskúr rétt hjá heimili sínu og síðan helt með könnu yfir í bifreið sína þegar hann vantaði olíu. Þá kvaðst ákærði einnig hafa farið með eldsneyti á heimili Donatas þar sem þeir hafi selt vinum Donatas lítrann á 130 krónur.

Í lögregluskýrslu ákærða, þann 8. apríl 2011, upplýsir hann að hann og Donatas hafi keypt eldsneyti af Andra, fjögur hundruð lítra í hvert sinn, samtals 1.200 lítra og greitt samtals 120.000 krónur fyrir það.

### **Skýrslur fyrir dómi.**

Ákærði kom fyrir dóminn og kvaðst hafa komið á bensínstöð og tekið eldsneyti og Andri hafi greitt fyrir það. Donatas hafi þekkt Andra og Andri hafi hringt í hann í upphafi. Kvaðst hann hafa greitt 55.000 krónur samtals fyrir eldsneytið. Kvað hann Andra hafa sagt þeim að hann fengi mikinn afslátt og hann ætti fyrirtæki þar sem olúfyrirtækið gæfi Andra mikinn afslátt. Ákærði kvaðst aldrei hafa grunað að

Andri væri með stolið greiðslukort. Þeim hafi þó fundist skrytið hvað verðið væri lágt en þeir hafi ekki velt því meira fyrir sér. Spurður út í frásögn hans hjá lögreglu um að þeir hafi bara nýtt sér tækifærið en sjái að það hafi verið mistök, kvaðst hann hafa gert sér grein fyrir því að hann væri kominn í eitthvað ólöglegt þegar lögreglan hafði fyrst samband við hann. Spurður út í hvort hann hafi ekki grunað að eldsneytið væri illa fengið, hafi hann svarað lögreglu þannig að þá hafi grunað að ekki væri allt með felldu og rætt það við Donatas, hvers vegna Andri seldi þeim ódýrt eldsneyti. Þeir hafi spurt Andra af því að þeim þótti skrytið að fá svo ódýrt eldsneyti en Andri hafi ætíð svarað þeim að hann ætti fyrirtæki sem hefði góðan afslátt og ætíð gefið þeim sama svarið.

Spurður út í það hvort hann hafi selt Donatas Sarkauskis eldsneyti neitaði hann því, hann hafi bara átt að koma eldsneyti til hans. Ákærði kvaðst aldrei hafa átt fyrirtæki á Íslandi og ekkert vita um það hvort hægt væri að fá mikinn afslátt á eldsneyti hér á Íslandi. Ákærði kvaðst vera raffræðingur að mennt og hafa starfað við það í sínu heimalandi. Á Íslandi hafi hann unnið við uppsetningu á gluggatjöldum. Ákærði kvaðst hafa búið á Íslandi síðastliðin tíu ár. Hann hafi átt og rekið bifreið allan þann tíma. Ákærði hafi kynnst Andra í gegnum þessi eldsneytiskaup. Hann hafi ekki einu sinni heilsað Andra þegar þeir hittust á bensínstöðinni í fyrsta sinn, hann hafi bara komið til að ná í eldsneytið. Donatas hafi hringt í ákærða og sagt honum frá ódýru eldsneyti. Ákærði kvaðst hafa þekkt Donatas í eitt og hálf til tvö ár, þeir hafi kynnst á bar þar sem þeir hafi báðir verið dyraverðir.

Vitnið Andri Þór Ómarsson kvaðst hafa sagt ákærða að hann væri með kort sem væri í eigu fyrirtækis sem hann ætti og væri að fara í gjaldþrot. Vitnið kvaðst örugglega hafa gefið þeim aftur sömu ástæðuna þegar þeir spurðu hann um ástæðu þess að hann seldi þeim olíu svo ódýrt. Þeir hafi örugglega spurt hvers vegna þeir gætu fengið ódýrt eldsneyti og hann því gefið þeim þessa skýringu. Ákærði hafi aldrei vitað að kortið væri stolið. Samskipti þeirra fóru yfirleitt þannig fram að hann hringdi í Donatas Adomavicius, eða sendi honum SMS eða þá að Donatas hringdi í hann. Vitnið kvaðst hafa valið til viðskiptanna bensínstöð þar sem lítil umferð var. Ákærði og Donatas hafi alltaf dælt eldsneytinu sjálfir en hann staðið hjá og spjallað við þá á meðan. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa spurt þá hvað þeir gerðu við olíuna, hann hafi þó haft á tilfinningunni að þeir væru að kaupa fyrir fleiri eða selja til kunningja sinna. Einhvern tíma hafi annar komið með þeim. Stundum hafi þeir verið á Benz, Donatas Adomavicius hafi verið á Benz en ákærði Arunas hafi verið á Volkswagen eða sendibíl. Þeir hafi einhvern tíma verið að miðla eldsneyti til þriðja manns. Aðspurður um Donatas Sarkauskis kvaðst hann ekki þekkja það nafn en vel gæti verið að hann hafi komið með ákærða og Donatas Adomavicius. Vitnið kvaðst ekki muna hvort hann hafi sagt ákærða að fyrirtæki hans væri að fara í þrot eða hvort kortið væri bara á hans vegum. Kvað vitnið samskipti þeirra hafa farið fram á ensku, þeir hafi allir talað góða ensku. Vitnið kvaðst hafa heyrt að olíufélög hafi verið að veita allt að 14 króna afslátt af lítranum, en hann hafi selt ákærða lítrann á 100 krónur. Lítrinn hafi eflaust kostað miklu meira á þessum tíma.

### **Forsendur og niðurstöður.**

Ákærði krefst sýknu af refsikröfu þar sem honum hafi ekki verið ljóst að kaup hans á eldsneyti af Andra Þór Ómarssyni hafi verið refsiverður verknaður. Ákærði hafi

fengið þá skýringu að Andri væri að taka fé út úr fyrirtæki sem hann ætti og væri að fara á hausinn og því ætlaði hann að ná eins miklu út úr því og kostur væri. Hafi hann talið að væri eitthvað misjafnt við framferði Andra þá hafi það verið samningur Andra eða fyrirtækis hans við olúfélagið, sem væri ákærða óviðkomandi. Ákærði kvaðst ekki hafa tekið þátt í skilasvikum Andra, en ásetningur sé skilyrði til þess að ákærði verði sakfelldur fyrir brot gegn 254. gr. almennra hegningarlaga. Þá sé útilokað að sakfella ákærða fyrir hylmingu í ákærulið II. Þar hafi tilraun Andra ekki tekist og varðandi ákærulið III þá hafi Donatas Sarkauskis keypt sjálfur beint af Andra en ekki ákærða og því verði ákærði ekki sakfelldur fyrir þá háttsemi. Þá sé brot Andra skilasvik en ekki þjófnaður og því sé heimfærsla í ákæru ekki rétt.

Ákærði kvað, bæði fyrir lögreglu og dóminum, að Andri Þór hafi gefið sér þá skýringu, þegar ákærði innti hann eftir því hvers vegna hann seldi þeim olúna svona ódýrt, að hann ætti kennitölu eða fyrirtæki sem væri að fara í gjaldþrot og hann ætlaði að ná eins miklu og hann gæti út úr fyrirtækinu áður en það færi á hausinn. Andri lýsti þar með refsiverðri háttsemi fyrir ákærða, hvort sem hún var samkvæmt sannleikanum eða ekki.

Brot ákærða er í ákæru heimfært til 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við mat á því hvaða vitneskju ákærði hafði um heimildir Andra til að taka út fé eins og hann lýsti fyrir ákærða, er til þess að líta að upphaf að skiptum ákærða við Andra, sem ákært er út af, var að frumkvæði félaga ákærða Donatas Adomavicius, en hann er samlandi og vinnufélagi ákærða. Ákærði hafði þá búið hér á landi í um tíu ár og átt og rekið bifreið allan þann tíma. Samkvæmt því gat ákærða ekki dulist strax í upphafi að hann var að fá ódýrt eldsneyti á mjög óvenjulegan máta. Því til staðfestu dældi ákærði fleiri hundruðum lítra af olíu á brúsa og tunnur ásamt Donatas, sem ákærður er fyrir sömu háttsemi í máli nr. S-760/2012, þeir greiddu Andra Þór með reiðufé og fóru síðan hvor í sína áttina. Þrátt fyrir þann grun sinn að ekki væri allt með felldu, lét ákærði sig þetta engu frekara varða. Ákærði hefur borið fyrir sig að það sé viðtekin venja í hans heimalandi að stunda svartamarkaðsbrask og hann hafi ekki haft neinar forsendur til að ætla að slíkt væri ekki stundað með löglegum hætti hér á landi. Bar hann þannig fyrir sig lögvillu. Þegar allt framangreint er virt þykir verða fullyrt að ákærði hafi haft grunsemdir um það sem fram fór hjá Andra Þór og þannig haft ásetning til að hylma yfir með auðgunarbroti Andra Þórs og njóta góðs af sjálfur. Auk þess, þegar litið er til þess hversu verulegan afslátt hann fékk af olúnni, hefði það ekki átt að dyljast honum að atferli Andra Þórs var ekki eðlilegt og það jafnvel þótt hann hafi ekki í upphafi verið viss um þá háttsemi. Það verður því að meta það svo að ákærða hafi staðið ásetningur til að taka þátt í refsiverðum verknaði með því að kaupa ítrekað mikið af dísilolíu af Andra Þór, ekki bara fyrir sjálfan sig, heldur einnig til að selja áfram sjálfur og hagnast af. Er háttsemi ákærða réttilega heimfærð til 254. gr. almennra hegningarlaga.

Verður ákærði sakfelldur fyrir alla ákæruliðina en samkvæmt ákærulið II var ásetningur ákærða að kaupa olíu af Andra Þór, þó svo að það hafi ekki gengið í það skiptið. Er sú háttsemi réttilega heimfærð í ákæru til refsíákvæðis.

Vitnið Andri sagði fyrir dóminum að ákærði Donatas hafi einhvern tíma verið að miðla olíu til þriðja manns sem hann þekkti ekki. Kemur það heim og saman við ákærulið þrjú.

Þykir dóminum því hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði Arunas hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Verður hann sakfelldur fyrir hana.

Við ákvörðun refsingar er litið til þess að ákærði hefur gengist við broti sínu þrátt fyrir að halda því fram að það hafi verið refsilaust. Þá er litið til þess að ekkert liggur fyrir um það að ákærði hafi áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Með hliðsjón af framangreindu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga. Með vísan til ofangreinds skal refsingu ákærða frestað og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, sbr. 218. gr. laga nr. 88/2008, sem eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Sveins Andra Sveinssonar hrl., á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem þykja hæfilega ákveðin 180.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dóm þennan kveður upp Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari.

#### **Dómsorð:**

Ákærði, Arunas Brazaitis, kt. 000000-0000, skal sæta fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar hrl., 180.000 krónur.

Ástríður Grímsdóttir.